WALDORFSKÓLINN
LÆKJARBOTNUM

Bekkjarnámskrá 5.-6. bekkur 2026–2027

Íslenska

Íslenska er samþætt við samfélagsfræði, mannkynssögu og náttúrufræði á haust- og vorönn. Þættir sem þar eru æfðir eru lestur, skrift og réttritun.

Haustönn

	Haustönn	Viðfangsefni lotunnar	Hæfniviðmið
2.11-27.11	Lestur og skrift	Skrif, ljóðalestur, frumsamin ljóð, skapandi skrif	• Að nemendur geti beitt aðferðum við umskráningu hljóða og stafa svo lestur flæði vel og merking texta komist til skila.
30.11-18.12	Bókmenntir	Yndislestur	• Að nemendur geti beitt einföldum bókmenntahugtökum, skrifað úrdrátt og unnið með efnið á fjölbreyttann hátt.

Vorönn

	Vorönn	Viðfangsefni lotunnar	Hæfniviðmið

4.1.27 - 29.1.27	Orðflokkagreining		• Að nemendur þekki og geti greint helstu orðflokkana: nafnorð, sagnorð, lýsingarorð, töluorð, fornöfn, greinir.
	Málfræði		• Að nemendur geti fallbeygt af öryggi, þekki helstu reglur í fallbeygingu, greinir
12.4.27 - 7.5.27	Bókmenntir	Benjamín Dúfa	• Auka orðaforða, velta fyrir sér dygðum • Nemandi geti aflað sér upplýsinga úr bókum og öðru efni, unnið úr þeim og nýtt við lausn verkefna.

Stærðfræði

	Haustönn 2026	Viðfangsefni lotunnar	Hæfniviðmið
28.09.26-23.10.26	Tugabrot	Tugabrot - færa almenn yfir í tugabrot	• Að nemendur geti með öryggi breytt almennum brotum í tugabrot og reiknað með þau plúsað, mínusað og margfaldað.
	Prósentur og Tölfræði	prósentur og tölfræði. ,,Talnatöfrar" hugarreikningur og stærðfræðibrellur.	• talið, flokkað og skráð, lesið og túlkað niðurstöður og sett upp í einföld myndrit, með og án stafrænna hjálpartækja,

	Vorönn 2027	Viðfangsefni lotunnar	Hæfniviðmið
1.02.27-26.02.27	Rúmfræði	Fríhendis rúmfræði	• Að nemendur geti notað hugtök úr rúmfræði, til að lýsa hlutum í umhverfi sínu,
26.04.27-28.05.27	Rúmfræði	nemendur kanna, búa til og tjá sig um reglur í mynstrum á fjölbreyttan hátt. Rúmfræðiteikningar með hringfara. nemendur vinna með rúmfræði hugtökin horn, brúnir, hliðarfleti, sívalningur, ferstrendingur, píramídi, kúla, keila, teningur, rétthyrningur, ferningur á myndrænan hátt.	• Að nemendur þjálfist í að færa rök fyrir umbreytingu mynstra og tengja við ýmis stærðfræðihugtök svo sem samhverfa, speglunarás, rétt horn og gleið horn.

Erlend tungumál

Enska

	Haustönn / Vorönn	Viðfangsefni lotunnar	Hæfniviðmið
28.09.26 - 19.10.26	Enska	Ritun /stafsetning	• Að nemendur geti skrifað einfaldan texta með orðaforða úr efnisflokkum sem fengist er við. • Að nemendur geti byggt upp einfaldar setningar, stafsett algeng orð og notað algeng greinarmerki,
1.2.27-26.2.27		Hlustun	• Að nemandi geti farið með texta, einn eða í kór, með góðum framburði og framsögn.
30.3.27-9.4.27		Notkun/endursögn/eigin sögn	• Að nemendur geti skrifað einfalda texta um efni sem tengist námi hans, • Að nemendur geti skrifað á einföldu máli um efni sem hann þekkir vel,

Danska

	Haustönn / Vorönn	Viðfangsefni lotunnar	Hæfniviðmið
30.11.26-18.12.26		Ritun /stafsetning	• Að nemendur læri og geti skrifað einfaldan texta með orðaforða úr efnisflokkum sem fengist er við. • Að nemendur geti byggt upp einfaldar setningar, stafsett algeng orð. • Að nemendur geti skrifað einfalda texta /setningar um heimilið.
		Hlustun	• Að nemendur geti farið með vers og sungið lag á dönsku. • Að nemandi geti farið með texta, einn eða í kór, með góðum framburði og framsögn. • Að nemandi geti hlustað á og fylgt meginþræði í frásögn eða myndmáli og nýtt sér til úrlausna við verkefnavinnu.

List- og verkgreinar

Smíði

	Smíði	Viðfangsefni lotunnar	Hæfniviðmið
4.1. - 26.2. 5.Bekkur		Í 5. bekk byggja nemendur áfram á þeirri tækni og formskynjun sem þeir öðluðust í 4. bekk. Þá lærðu þeir að móta kúlu úr ferskum viði með stöðvunarskurði og að vinna markvisst inn í efniviðinn til að draga þrívítt form fram. Í músaverkefninu er þessi reynsla nýtt áfram. Músin er byggð upp út frá þremur sameinuðum kúluformum sem mynda líkama dýrsins. Nemendur þurfa því að sjá hvernig einföld grunnform geta orðið að einni lífrænni heild og hvernig hægt er að móta formið áfram þar til það fær einkenni músar. Verkefnið tengist dýrafræðinni og náttúruskoðun. Í tálguninni skoða nemendur skóginn að vetri, læra að þekkja helstu trjátegundir og fylgjast með breytingum á skóginum þegar lauf eru fallin. Þeir taka þátt í nýtingu birkitrés undir leiðsögn kennara og vinna með ferskan við úr skóginum. Samhliða músinni tálga nemendur einnig fugl. Þannig fá þeir tækifæri til að bera saman ólík líkamsform og skoða hvernig mismunandi dýr kalla á ólíka nálgun í tálgun. Verkefnið tengir þannig saman skóginn, dýrafræðina, ferskan við, tálgun, formfræði, söng og frásögn.	• þekkt helstu trjátegundir í Lækjarbotnum og greint þær að vetri • lýst með einföldum hætti hvernig árstíðir hafa áhrif á ásýnd skógarins • skilið tengslin milli lifandi trés, fellingar, efniviðar og fullunnins hlutar • tekið þátt í ábyrgri nýtingu birkis undir leiðsögn kennara • unnið með ferskan við úr skóginum á öruggan og meðvitaðan hátt • beitt helstu handverkfærum við tálgun af öryggi og með aukinni stjórn • nýtt stöðvunarskurð þar sem hann hentar til að afmarka og móta form • lesið í trefjastefnu og vaxtarlag viðarins • mótað þrívítt dýraform út frá einföldum grunnformum • sameinað þrjú kúluform í eina samhangandi heild • nýtt hlutföll og form til að skapa þekkjanlegt músarform • tálgað mús og fugl með persónulegri útfærslu • sýnt aukna nákvæmni, þolinmæði og sjálfstæði í vinnuferli • gengið vel frá verkfærum, efniviði og vinnusvæði • tengt handverk við dýrafræði, náttúruskoðun, söng og frásögn.
2.11.-18.12. 6.Bekkur		Í 6. bekk færist tálgunin yfir í flóknari nytjahlut þar sem form, virkni og efnisþekking þurfa að vinna saman. Nemendur tálga skeið úr ferskum viði og læra í gegnum verkefnið að móta bæði ytra form hlutarins og innra holrými hans. Skeiðin markar mikilvægt tæknilegt skref frá fyrri verkefnum. Í 5. bekk unnu nemendur fyrst og fremst með kúpt og lífræn ytri form. Í 6. bekk þurfa þeir nú að fara inn í efnið og skapa íhvolft form (concave) með því að hola viðinn út. Í verkefninu kynnast nemendur holjárni í fyrsta sinn sem mikilvægu verkfæri við tálgun. Þeir læra að nota holjárnið til að	Að loknu verkefni skal nemandi geta: • nefnt helstu trjátegundir í Lækjarbotnum og lýst helstu einkennum þeirra eftir árstíðum • valið efnivið með hliðsjón af stærð, vaxtarlagi, kvistum, trefjastefnu og fyrirhugaðri notkun • útskýrt hvers vegna ákveðinn efniviður hentar fyrir skeið • unnið með ferskan við af öryggi og með virðingu fyrir efninu • beitt tálgunarhníf á öruggan og markvissan hátt

		fjarlægja við úr miðju efnisins og skapa þannig skál eða holrými sem verður að skeiðarblaðinu. Þetta er mikilvæg breyting í hugsun og handverki. Nemandinn er ekki lengur aðeins að fjarlægja efni af ytra yfirborði heldur þarf að vinna inn í viðinn, stjórna dýptinni og byggja upp ákveðið innra form. Skeiðin verður þannig fyrsta verkefnið þar sem nemandinn vinnur markvisst með sambandið milli íhvolfs og kúpts forms.	• beitt holjárni á öruggan og stjórnaðan hátt • útskýrt muninn á íhvolfu og kúptu formi • holað út við með holjárni og skapað íhvolft holrými • stjórnað dýpt og lögun holrýmisins • mótað kúpt ytra form sem styður við íhvolft innra form • tengt form og virkni í hönnun skeiðar • sýnt aukna nákvæmni í tálgun, útgreftri og frágangi • unnið sjálfstætt að lengra vinnuferli • gengið vel frá verkfærum, efniviði og vinnusvæði.

Handavinna

	Vorönn	Viðfangsefni lotunnar	Hæfniviðmið
2.11.-18.12. 5.Bekkur	Krosssaumur	5.bekkur, nemendur læra að sauma út krosssaum í java efni með ullargarni.. Nemendur teikna mynd með unnið er með þar til hún hentar til speglunnar, nemendur læra að spegla myndina 2-4 sinnum og útfæra í mynstur sem þeir svo sauma í java.	• Öðlast færni í að útfæra eigin hugmynd í myndverk unnið með krosssaumi í gróft efni eins og t.d java. Sjá fyrir sér umbreytingu á myndefni við speglun.
4.1. - 26.2. 6.Bekkur	Dýr í þrívídd	6.bekkur nemendur læra að hanna snið í tvívídd og sauma dýr sem verður í þrívídd. Þau munu æfa áfram handsaum, þar sem notast verður við tvöfaldra þræðingu. Kynnt verður hvernig þekkja má ullarefni frá öðrum fataefnum.	• Að vita að hægt er að gera þrívíðan hlut úr flötu sniði. • Að skilja eiginleika ullarefnis. • Þekkja ullar efni frá öðrum efnum. • Geta þrætt tvöfaldan tvinna í fíngerða nál. Geta gert hnút á endan á þræði/tvinna.

Hemilisfræði

		Viðfangsefni lotunnar	Hæfniviðmið
Haustönn 2.11.26-27.11.26	5. Bekkur	Í 5.bekk kynnast nemendur grunnatriðum matargerðar og vinnu í eldhúsi. Nemendur vinna með einföld hráefni og læra að undirbúa og elda einfaldara máltíðir í samvinnu við aðra. Lögð er áhersla á að nemendur upplifi gleði í eldamennsku og læri að ganga um eldhús og áhöld.	• farið eftir reglum um öryggi og hreinlæti í eldhúsi tekið þátt í undirbúningi og frágangi máltíða • notað einföld eldhúsáhöld við matargerð • fylgt einföldum leiðbeiningum og uppskriftum • tekið þátt í samvinnu við matargerð.
Vorönn 12.04.27-7.5.27	6. Bekkur	Í 6.bekk þróa nemendur áfram færni sína í matargerð og vinna með fjölbreyttari hráefni. Nemendur læra að undirbúa einfaldar máltíðir og beita mismunandi vinnuaðferðum í eldhúsi.	• Undirbúið einfalt hráefni til matargerðar • Beitt einföldum matreiðslu aðferðum • Unnið með hráefni eins og grænmeti og korn • Tekið þátt í skipulagi vinnu við matargerð • Sýnt ábyrgð og góð vinnubrögð í eldhúsi • Rætt um uppruna og notkun algengra matvæla

Tónlist

	Tónlist	Viðfangsefni lotunnar	Hæfniviðmið
2.11. - 27.11. 6. Bekkur		*Fjölbreytt efnisskrá þar sem unnið er með lög, reglur, sungna leiki og dansa ásamt æfingum í uppsetningu með söng og samspili.* *Nemendur æfa einradda og margradda söng með áherslu á ítónun, hljóm og tjáningu.* *Nemendur búa til og spila laglínur og takt á slagverk, sem og önnur hljóðfæri og móta og flytja lítil verk með tali, söng, hreyfingu og spilun.* *Nemendur læra undirstöður nótnakerfisins og lesa nótur.* *Nemendur læra að spila eftir eyranu og eftir nótum.*	*vantar*
12.4.-7.5. 5. Bekkur		*vantar*	*vantar*
samþætt leiklist 1.3.-9.4.		*vantar*	*vantar*

Leiklist

	Leiklist	Viðfangsefni lotunnar	Hæfniviðmið
1.3.- 9.4.	Leiklist	Leikrit byggt á goðsögum forn-grikkja. Nemendur setja upp leikrit eftir handriti. Búninga-og grímugerð í samvinnu við list- og verkgreinakennara.	• Skapað leikþætti í félagi við aðra með skýrum persónum, söguþræði og framvindu • nýtt sér leikmuni, búninga, einfaldan sviðsbúnað og tækni til að styrkja sköpun sína. • flutt leiktexta í hlutverki á viðeigandi hátt fyrir framan áhorfendur, • skapað skýra leikpersónu og viðhaldið henni í stuttum leikþætti með viðeigandi radd- og líkamsbeitingu. • sýnt viðeigandi hegðun og borið virðingu fyrir vinnu annarra sem áhorfandi í skólastarfi, á sýningum eða leiklistarviðburðum,

Myndlist

	Myndlist	Viðfangsefni lotunnar	Hæfniviðmið
21.09- 23.10.2026	Samþætt við náttúrufræði og mannkynssögu	• nemendur mála vaxtastig plantna og plöntur með mismunandi aðferðum. • blautt í blautt. • blautt í þurrt. • nemendur nýta sér plöntur í nærumhverfi skólans, teikna og mála. • nemendur mála þemu úr sögum af fornri siðmenningu tengda mannkynssögu.	• Beitt ólíkum aðferðum, efnum og verkfærum við málun og teikningu. • Unnið með viðfangsefni frá náttúrunni en einnig með fyrirmyndir úr bókum og öðrum miðlum. • Tekið þátt, gengið vel um stofu, verkfæri og efnivið. • Nýtt sér grunnþætti myndlistar í eigin sköpun. • Fjallað um eigin verk og annarra í samtali við aðra nemendur og kennara. • Beitt hugtökum og heitum í myndlist sem tengjast aðferðum hverju sinni.

Samfélagsfræði

Mannkynssaga

		Viðfangsefni lotunnar	Hæfniviðmið
Haustönn 2.11.26 - 27.11.26		Fjórar árnar miklu - hin upprunalegu og fornu samfélög	• Að nemendur geti áttað sig á að ólíkar heimildir segja ólíka sögu, metið heimildir og ólík sjónarhorn í umfjöllun um sögu og samtíð,

Vorönn 1.3. - 9.4.		Mesopotamia - Egyptaland til forna - Indland og Kína - fyrstu samfélögin	• Að nemendur hafi uppgötvað og nefnt dæmi um einkenni og sögu heimabyggðar. • Að nemendur geti fjallað um atburði í sögunni í tengslum við samtímann. • Að nemendur geti greint samhengi umhverfis, sögu, menningar og mannlífs í heimabyggð og tengsl við önnur landsvæði, komið auga á þætti sem hafa haft áhrif á mannlífið í tímans rás, svo sem umhverfi og skipulag samfélaga,

Landafræði

		Viðfangsefni lotunnar	Hæfniviðmið
Haustönn 24.8.26-11.9.26		Ísland og vatnið - hvernig hefur vatnið mótað landið og uppruna samfélags á íslandi Norðurlönd	• fjallað um einkenni og þróun íslensks samfélags, • Að nemendur geti með öruggum hætti nefnt norðurlöndin og helstu einkenni þeirra, tungumál og mótunaráhrif samfélags.
Vorön 31.5. - 11.6.		Norðurlönd og kynning á heimsálfunum	Stiklað á stóru um heimsálfurnar • Að nemendur þekki einkennandi staði heimsálfanna.

Náttúrufræði

Plöntufræði

		Viðfangsefni lotunnar	Hæfniviðmið
Haustönn 14.09-25.09 Vorönn 12.04-23.04		Fyrsta efnið er yfirlit yfir plönturíkið, allt frá einföldum sveppum og þörungum til flettna, mosa, burkna, barrtrjáa og blómplantna. Megin vinnuaðferðir eru að kennarin kynnir á einkennum plantna og umhverfis þeirra, með auga fyrir bæði smáatriðum og stóru samhengi, er fylgt eftir með samtali og víðtækri úrvinnslu í texta, skissum og listrænni tjáningu.	• nemendur læra að greina helstu plöntur vistkerfa Íslands svo sem fjallagróður, vatnagróður, gróður sem þarfnast skjóls og næringarríks jarðvegs, gróður sem getur vaxið á melum og nýtist m.a. í uppgræðslu lands ásamt fleiru • nemendur læra að greina samspil orsaka og afleiðinga í ríki náttúrunnar og hvernig umhverfið mótar plöntuna • nemendur vinna listrænt með viðfangsefnið • nemendur gera einfaldar athuganir í nærumhverfi sínu

		Plönturnar eru skoðaðar í tengslum við búsvæði sitt og skólans. Í miðjunni er plantan sem lífsbrú milli sólar og jarðar í gegnum ljóstillífun. Samanburður er tengdur við hvernig helstu hlutar blómplantna, rót, lauf, blóm og ávöxtur, birtast í mismunandi plöntum.	• nemendur vinna skriflega og myndrænt í kennslubókini.

Garðyrkja

		Viðfangsefni lotunnar	Hæfniviðmið
Haustönn 24.8. - 18.9. Vorönn 10.5.-11.6.		- Nemendur vinna í matjurtagörðum skólans við uppskeru, almenna garðumsjón og umhirðu - Nemendur nýta hráefni úr garðinum til súrsunar og sultunar, þurrka jurtir og útbúa te og smyrsl - Nemendur ganga frá matjurtargarðinum og undirbúa fyrir veturinn - Nemendur vinna að plöntun og setja niður útsæði undir leiðsögn kennara - Matjurtagarður undirbúin undir sumarið og vaxtatíma jurtanna , bera áburð á jarðveg	• Nemendur geta unnið saman í litlum hópum við verklegu verkefnin í garðinum og í eldhúsinu. Geta skipt með sér verkum og bera sameiginlega ábyrgð á árangri • Geta Nýtt náttúruleg hráefni á ábyrgan og skapandi hátt til matreiðslu eða húsráða • geta útskýrt hlutverk helstu líffæra blómplantna og lýst lífsferli þeirra

Átthagafræði

		Viðfangsefni lotunnar	Hæfniviðmið
Allt árið á mánudögum		Alla mánudaga er farið í vettvangsferðir og nestferðir í nærumhverfinu þar sem nemendur læra að lesa í landslagið og skynja höfuðáttirnar. Frá bæjarfjalli Lækjarbotna, Kistunni, sést til Esjunnar, Bláfjalla, Hengils og margra annarra kennileita svæðisins. Farið er í vettvangs- og menningarferðir til Reykjavíkur og í Kópavog. Í ferðunum kynnast nemendur borgarlandslag höfuðborgarinnar, heimsækja mismunandi menningarstofnanir og skoða helstu kennileiti Reykjavíkurborgar.	• Sýnt hæfni til að hreyfa sig og athafna í fjölbreyttu náttúrulegu og manngerðu umhverfi. • Sýnt tillitsemi, samvinnu og sanngirni í samskiptum við aðra í hópaferðum. • Klætt sig og undirbúið sig á viðeigandi hátt (t.d. með nesti og klæðnað) miðað við veður og aðstæður. • Notað einföld tól eða kennileiti til að átta sig á staðsetningu sinni í nærumhverfi og sýnt ábyrga umgengni um náttúruna.

Lífsleikni

		Viðfangsefni lotunnar	Hæfniviðmið
Föstudagar 40 mín Annar hver föstudagur bekkjarfundur - annar hver föstudagur lífsleikni	Lífsleikni / Bekkjarfundur	Næring og líkaminn Þor Fjölbreytileikinn Virðing - sjálfs - annars	• Að nemendur áttað sig á mikilvægi næringar, hvíldar, svefns, hreyfingar og hreinlætis, • Að nemendur geti tjáð sig og sýnt, rætt og brugðist við upplýsingum og ólíkum sjónarmiðum.Að nemendur geti rætt um áhugamál sín og skoðanir, finni kjark og þor og spegli sig í ólíkum aðstæðum • Að nemendur geti sagt frá sjálfum sér með hliðsjón af uppruna, búsetu, fjölskyldu, siðum og venjum, • Nemendur hafi lært um fjölbreytt fjölskyldumynstur, lært um líkamann sinn, líkamsímynd, sjálfsvirði, sjálfsvirðingu, virðingu fyrir fjölbreytileikanum. fjallað um ólíka einstaklinga og hópa í skóla- og nærsamfélaginu,
21.9. - 25.9.	Drekavika	Nemendur fara eftir morguntíma í Furudal. Nemendur fara í hlutverkaleik þar sem iðnir þorpsbúar byggja einföld hús, gera hlóðir, kveikja elda, baka pinnabrauð, tálga, jurtalita ullarband og berjast við dreka sem búa í nærliggjandi skógi. Allir nemendur taka þátt ásamt kennurum og starfsfólki skólans.	• Nemandi tekur þátt í sameiginlegum verkefnum og eflir samvinnu, félagsfærni og jákvæð samskipti við aðra. • Nemandi notar ímyndunarafl og sköpunargáfu í frjálsum leik og skapandi verkefnum. • Nemandi kynnist verklegum athöfnum og vinnur með náttúrulegan efnivið á skapandi og ábyrgðan hátt. • Nemandi æfir sjálfstæði, frumkvæði og þátttöku í samfélagi bekkjarins og skólans
	Bekkjarferð	Nemendur fara í 2 daga ferðalag að hausti og vori	

Íþróttir og hreyfing

	Íþróttir og hreyfing	Viðfangsefni lotunnar	Hæfniviðmið
24.08-18.09	Bothmer leikfimi Fimleikaæfingar sem við gerum eru frá Bothmer fimleika. Þetta eru æfingar sem Friz Graf von Bothmer, fyrsti fimleikakennarinn í	Bothmer æfingarnar, þekktar sem Léttur taktur og Þungur taktur, krefjast mjög einbeittra hreyfinga sem beina athygli nemenda að hléum á milli takt hreyfinganna. Þessar hlé hafa kraftinn til að samræma heilan bekk. Fimleikaæfingarnar með tréstöngum eru byggðar á þríhyrningum og ferningum og taka upp rúmfræðileg þemu.	Að nemandinn geti: ● framkvæma æfingar í völdum íþróttagreinum ● sýna fram á grunnfærni byggða á eigin getu í einstökum íþróttagreinum

	Waldorfskólanum í Stuttgart, vann út með stuðningi Steiners. Meginmarkmið þeira er að rækta, skref fyrir skref, meðvitund um að vera uppréttur og um rýmis dýnamík.	Tæki sem stuðla að hugrekki eru viðeigandi: að stökkva niður úr hæð, halda jafnvægi hærra uppi, klifra. Boðhlaup hvetja til keppni en viðhalda samstöðu hópsins. Nákvæmni, hugrekki og einföld liðstækni efla þessu upplifun af “ég kem nú inn í líkama minn”. Reglur eru mikilvægar. Megin áhersla á Gríska tímabilið og síðar á Rómverska tímabilið. “Sippuband leiki” - þróast i listræn formi. Bolta leikir - þróaðust, koma með fleiri reglur, nákvæmni. Leikur sem krefst kunnáttu og að geta ratað - höfðar til þessa aldur. Lykilorð - REGLUR - NÁKVÆMNI - HARMONY - TAKTUR	● nota grunntækni og einfaldar taktík í völdum liðsíþróttum
4.01-29.01	Sirkus	Nemendur æfa sirkuslistir svo sem jafnvægislist og gegl undir handleiðslu sirkus kennara. Vinna með ýmsar fimleikaæfingar er aukin með handstöðum, rúllum og vagnhjólum og myndun píramída.	- Í öllum þessum æfingum er áhersla lögð á að þróa og viðhalda stöðugleika, jafnvægi og samhreyfing - Nemendur geta unnið með öðrum í hóp á öruggan hátt, sýnt ábyrgð og traust - skipulagt og æft stutt sirkusatriði í samstarfi við aðra og flutt það fyrir hópinn
24.05-28.05	Ólympíuleikar	Ólympíuleikar eru haldnir að vori. Unnið er í hópastarfi þvert á bekki. Ólympíuleikar eru settir upp í anda hinna upphaflegu forn-grísku leika og sameinast allir nemendur skólans sem þátttakendur á sérstökum íþróttadegi, en haldin er vikulöng íþróttahátíð í tengslum við leikana.	
1 x í viku á vorönnina	Sund		

*Kennsluáætlunin er birt með fyrirvara um breytingar